



Morgunblaðið/Þorkell

Guðrún Marinósdóttir, Ingibjörg Styrgerður og Þorbjörg Þórðardóttir, sem eru í sýningarnefnd Textílfélagsins.

## Spjallað við sýningarnefnd félagsins


TEXTÍLFÉLAGIÐ opnar sýningu í kjallara Norræna hússins í dag, laugardag, 28. maí. Á sýningunni eru 54 myndir eftir 14 listamenn og eru þau unnin með margs konar tækni og í ýmis konar efni. Sýningin, sem er liður í Listahátíð 1988, stendur til sunnudagsins 14. júní og er opin frá klukkan 14.00 til 22.00 daglega.

# „Textílmmynd er ápreifanleg“

Þeir listamenn sem eiga verk á sýningu Textílfélagsins að þessu sinni eru Ína Salóme, Valgerður Erlendsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Hanna G. Ragnarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Oddný E. Magnúsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Áslaug Sverrisdóttir, Anna Þóra Karlsdóttir, Sigurlaug Jóhannesdóttir, Auður Vésteinsdóttir, Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir. Auk þess verða sýnd verk eftir Sigríði Halldórsdóttur, en hún er heiðursfélagi Textílfélagsins. Verk Sigríðar eru í anddyri kjallarans. Sigríður var lengi skólastjóri Heimilisíðnaðarskólans og hefur, auk þess, kennt í Myndlista- og handíðaskólanum.

Í sýningarnefnd Textílfélagsins eru þær Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir og Guðrún Marinósdóttir. Blaðamaður Morgunblaðsins leit inn hjá þeim um það bil sem þær voru að hengja upp síðustu myndirnar fyrir opnun sýningarinnar og spurði Þorbjörgu hvers konar verk væru á þessari sýningu félagsins.

„Við erum ákaflega stoltar af þessari sýningu,“ sagði Þorbjörg. „Hún er mjög fjölbreytt þegar litið er til efnisvals. Í textíllist er aðallega unnið með alls konar þræði sem er raðað saman á ýmsa vegu. Það má eiginlega segja að við gerum þessa þræði á einhvern hátt ápreifanlega. Ef við tökum sem dæmi, þá er málverkið, sem er alveg stórkostlegt, unnið eftir hefðbundnum leiðum. Efnislega ertu alltaf með sömu hluti í hönd-



Guðrún Gunnarsdóttir, „Vafstur á bláu“.

unum. En þótt málverkið sé yndislegt, eigum við ekkert að vera að apa eftir þeim, vegna þess að í textíllist getum við unnið með nánast hvaða efni sem er og útfært það á mismunandi hátt. Þú strýkur til dæmis aldrei eftir málverki, heldur horfir á myndina. Textílmýnd er meira ápreifanleg.

Það má segja að það sé nokkuð gegnumgangandi hjá okkur, íslenskum textíllistamönnum, að við vinnum nærri alltaf með náttúruleg efni. Það er mjög sjaldgæft að við notum gerviefni. Þó kemur það fyrir. Við vinnum aðallega með ullina, hörinn, bómull

og tágar. Svo eru það hrosshárin. Þær eru nokkrar farnar að tileinka sér vinnu með hrosshár. Áður var það aðeins Ásgerður Búadóttir sem vann með þau. Hún var fyrst til að beita þeirri tækni.

lyf tistöng fyrir þetta félag. Hún stofnaði það með okkur og hefur verið geysilega athafnasöm í gegnum árin. Ég tel það hafa verið mjög hvetjandi fyrir okkur hinar og velgengni hennar hafi orðið okkur til framsýningar.

Í hverju verki liggur feykilega mikil vinna. Þegar unnið er að textíllist er ekkert til sparað, hvorki í tíma né vinnubrögðum,

til að ná fram þeirri lokaniðurstöðu sem stefnt er að. Oftar en ekki lita listamennirnir allt sitt efni sjálfir og vinna það alveg frá grunni.“

Til að kynna vinnubrögðum textíllistamanna nánar, fengum við Áslaugu Sverrisdóttur til að segja okkur hvernig hún vinnur.


„Ég vinn út frá hugmyndinni um þræð; að koma honum til skila. Ég vinn með jurtalitað, handspunnið tog. Ég er að velta fyrir mér notkunarmöguleikum þessa efnis, sem hefur verið notað meira og minna í vefnað frá því land byggðist. Þetta efni er farið að nota í textíllist síðustu tíu árin eða svo. Áður var alltaf miðað við notagildi þess. Ég set gamlar, hefðbundnar aðferðir í nýjan búning. Fyrst lita ég allt tugið, kembi svo saman litina og síðan spinn ég og vef í þessu gamla — ein-skeftu.“

Á sýningunni eru stórar myndir eftir Ínu Salóme, sem hún malar á tau með tauprykkslitum. Myndir Ínu eru unnar í Finnlandi, þar sem hún er búsett og sendar hingað heim í tilefni af þessari sýningu.

Valgerður Erlendsdóttir er með „appliksjóns“-myndverk. Hún notar bómullarefni sem hún rífur og saumar og sýnir eina stóra mynd og nokkrar smámyndir. Guðrún Gunnarsdóttir sýnir myndir með blandaðri tækni. Hún notar pappír, tré, tvinna og grisju. Hanna G. Ragnarsdóttir sýnir hreinan vefnað. Hún vinnur með ull og nælon. Kristín Jónsdóttir notar blandaða tækni við sín verk,



Þorbjörg Þórðardóttir, „Hraungárur“.



Guðrún Marinósdóttir, „Glóra“.



Ína Salóme, „Án titils“.



Ingibjörg Styrgerður, „Pytur“.



nokkurs konar ljóð. Ég nota sömu aðferð með blöndun þráðanna og notuð er í góbelínvefnaði og grófa vaðmálsáferð. Allar myndir, sem ég geri, eru unnar eftir nákvæmu módeli sem ég er búin að gera í pappír og ég nota íslenska ull. Þegar ég tala um að verkin séu hálfgerður útúrdúr, á ég við að með ullinni hef ég notað hrosshár. Ég hef aðeins notað þau tíma-bundið og hef ekki hugsað mér að vinna með þau í framtíðinni.“ Um myndefnið segir Ingibjörg Styrgerður: „Þetta er það næsta sem ég hef komist í því að gera

landslagsmyndir, það er að segja ég er að umbreyta þeim áhrifum sem ég verð fyrir úti í náttúrunni.“

Þorbjörg Þórðardóttir sýnir „miniverk“. „Það má segja að kveikjan að mínum myndum sé í náttúrunni, eins og svo mörgum hér“, segir Þorbjörg. „Myndir mínar byrja kannski á litlum steini. Ég safna steinum og skoða þá; rýni lengi í þá. Síðan þróast verkið og missir öll tengsl við steininn; hann er aðeins kveikjan. Að lokum þróast verkið yfir í „abstrakt“-form. Þessar myndir heita Hraungárur og ég vinn þær út frá áferð eða munstri sem ég sé í hrauni. Þetta er ekki hraunið sjálft, heldur þær myndir sem ég sé þegar ég rýni í sjálfan steininn.“

Heiðursgestur sýningarinnar, Sigríður Halldórsdóttir, sýnir fornan spjaldvefnað. Sigríður hefur fundið út hvernig á að vefa með spjöldum, en sú aðferð hefur verið glötuð frá því á 15-16. öld. Aðeins tveir borðar unnir með þessari tækni eru til á Þjóðminjasafninu hér og einhverjar slitir á hinum Norðurlöndunum. Um spjaldvefnaðinn segir Áslaug Sverrisdóttir: „Það er mikið stærðfræðilegt viðfangsefni að ráða svona vefgátu. Til að ráða svona þraut eftir borða, sem maður sér, þarf góðan veflistarmann og það er Sigríður. Punkturinn er enduruppötun gamalla aðferða, sem er alltaf fengur fyrir alla þá sem vinna að textillist. Efni sem Sigríður notar er handspunnið, jurtalitað íslenskt tog. Þetta er menningarlegt og sögulegt tillegg.“

„Við getum í rauninni notað hvaða efni sem er“, bætir Þorbjörg við, „og svo lengi sem við virðum efnið sem við erum með í höndunum og misþyrnum því ekki, og vinnum af einlægni að því sem við erum að gera, held ég að við séum á réttri leið. Þess vegna er mjög mikilvægt að við þekkjum efnið sem við höfum í höndunum hverju sinni. Það tekur langan tíma og þess vegna sérhæfum við okkur yfirleitt í einhverju einu, en erum ekki að grautast í öllu mögulegu. Með því skapar hver og ein sér persónulegan stíl og þeir sem fylgjast með textillist geta þekkt verkin okkar um leið og þeir sjá þau.“

sem eru einhvers konar ullarlagður, unninn utan um handritað blað og var hún fengin til að lýsa sínum vinnuaðferðum nánar.

„Ég nota ull og nota ævagamla aðferð; ég þæfi ullina. Þessi aðferð er líklega upprunnin í Kína og Austurlöndum og tíðkaðist hér á Íslandi til forna. Henni var beitt við fatagerð ýmskonar, til dæmis í vettlinga, sokka og annað, svo sem söðulpófa. Ullina er hægt að þæfa svo mikið að hún var notuð í hsbýli. Hér á landi hefur þessi vinnsluaðferð alveg dottið upp fyrir, en annars staðar á Norðurlöndum eru til gamlar konur sem hafa haldið henni við fram til dagsins í dag. Þessari aðferð er meðal annars beitt við gerð flókahatta. Á síðustu árum hefur þessi aðferð verið endurvakin — og þá sem listform. Efnið og aðferðin kalla á söguna og tímann og með því að blanda henni saman við handskrift hugsa ég mér einhvers konar handritaáferð.“

Oddný E. Magnúsdóttir sýnir nú í fyrsta skipti með Textílfélaginu, en hún er þar nýr meðlimur. Guðrún er búsett á Húsavík, þar sem hún er kennari. Á sýningunni í Norræna húsinu er hún með vefnað sem unninn er úr ull og hrosshári. Guðrún Marinósdóttir sýnir stór tágaverk. „Ég nota yfirleitt grófan þráð“, segir Guðrún,

„verkin eru fyrst ofin með hefðbundinni tækni. Ég vinn í þrívidd og er mjög spennt fyrir þeirri tækni og öllu sem er gegnsætt. Yfirleitt mála ég verkin eftir að ég hef sett þau saman, þó ég hafi líka unnið með litaðar tágur. Ég hef gaman af að prófa allt mögulegt. Ég hef til dæmis verið mjög spennt fyrir því að nota við. Ég er með stóran garð og hef safnað saman spýtum, er með fullan bílskúr og hef áhuga á að gera tilraunir með viðinn og tágarnar.“

Anna Þóra Karlsdóttir er með sáldaðar myndir og notar til þess fílaða og litaða ull. Hún ber lín á fletina og sáldar ullinni síðan á þá. Sigurlaug Jóhannesdóttir er með eigin tækni, en á þessari sýningu sýnir hún skúlpúta. Hún er búsett í Danmörku og notar danskt fjörugrjót sem hún borar í og vinnur áfram með hrosshárum. Auður Vesteinsdóttir er með þristæðu úr góbelínvefnaði. Í góbelínvefnaði er ekki ofið eftir beinni línu, heldur er hver flötur unninn fyrir sig, þannig að áferðin verður eins og púsluspil.

Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir er með tvö verk á sýningunni og kallar hún verkin „Vind“ og „Pyt“. „Það sem ég er að gera er svona hálfgerður útúrdúr“, segir hún. „Frá minni hálfu eru þetta



Valgerður „Landslag“.

Erlendsdóttir,